

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/8/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4786 – Deutsche Bahn/Transfesa)	1
2008/EES/8/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4921 – CDC/Groupe Moniteur/AchatPublic.Com) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2008/EES/8/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4955 – Hermes Logistik/Swiss Post Porta a Porta) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2008/EES/8/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4992 – ArcelorMittal/Galvex)	4
2008/EES/8/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4999 – Heineken/Scottish & Newcastle assets)	5
2008/EES/8/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5024 – TUI/Royal Caribbean Cruises/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2008/EES/8/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5031 – ACE/CICA)	7

2008/EES/8/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5034 – Montagu/GIP/Biffa) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2008/EES/8/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5037 – Beko Elektronik/Grundig Multimedia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2008/EES/8/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5049 – Goldman Sachs/Colony Capital/BUT)	10
2008/EES/8/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5057 – Aviva/UBI Vita).	11
2008/EES/8/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5059 – Crédit Agricole/POvita) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2008/EES/8/13	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 50/07 (ex N 894/06) – Aðstoðarkerfi sem sett er á fót í því skyni að ýta undir gerð sjúkratryggingasamninga sem byggjast á samtryggingu og ábyrgð – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	13
2008/EES/8/14	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 53/07 (áður NN 12/07) – Aðstoð sem viðskipta- og iðnráð Pau-Béarn hefur veitt fyrirtækinu Airport Marketing Services – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	13
2008/EES/8/15	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. janúar 2007	14
2008/EES/8/16	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/31/07 – „Æska heimsins“: Samstarf við önnur ríki en nágrannaríki Evrópusambandsins – Áætlunin „Virk æska“.	15

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4786 – Deutsche Bahn/Transfesa)

2008/EES/8/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Deutsche Bahn AG („DB“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í spænska fyrirtækinu Transportes Ferroviarios Especiales, S.A. („Transfesa“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DB: farþegaflutningar (á járnbrautum), farmflutningar (á járnbrautum og vegum), farmsendingar, birgða- og flutningaþjónusta og hliðarþjónusta á þessu sviði
 - Transfesa: farmsendinga- og birgða- og flutningaþjónusta, einkum við ökutækjaiðnaðinn
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 48, 21. febrúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4786 – Deutsche Bahn/Transfesa, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2008/EES/8/02****(Mál COMP/M.4921 – CDC/Groupe Moniteur/AchatPublic.Com)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Caisse des Dépôts et Consignations („CDC“) og Groupe Moniteur SAS, sem er undir yfirráðum hins breska Bridgepoint Capital Group Limited („Bridgepoint“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu AchatPublic.Com („APC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CDC: banka- og fjármálastarfsemi, líftryggingar, stuðningur við atvinnustarfsemi í héraði, sparnaður og félagslegt húsnæði
 - Groupe Moniteur SAS: útgáfa dagblaða og önnur útgáfustarfsemi
 - Bridgepoint: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - APC: tölvuþjónusta í tengslum við opinber innkaup
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 43, 16. febrúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4921 – CDC/Groupe Moniteur/AchatPublic.Com, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2008/EES/8/03****(Mál COMP/M.4955 – Hermes Logistik/Swiss Post Porta a Porta)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Hermes Logistik GmbH & Co. KG („Hermes“) öðlast með hlutfjárkaupum dótturfélags síns, sem er að fullu í eigu þess, hins þýska Hermes General Service Beteiligungsgesellschaft mbH, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Swiss Post Porta a Porta SpA („PaP“), ásamt svissneska fyrirtækinu Swiss Post International Holding AG („Swiss Post“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Hermes: flutninga- og pósthjónusta frá fyrirtækjum til einstaklinga og milli einstaklinga í Þýskalandi og Austurríki, m.a. pakkasendingar, flutningar á hvítvöru og húsgögnum og bréfa-sendingar (bréf, útsendur póstur, póstlistar)
 - PaP: pósthjónusta og flutninga- og birgðahjónusta á Ítalíu
 - Swiss Post: fjöldasendingar á bréfum í Sviss og erlendis, tollafgreiðsla, pakkasendingar, boðsendingar og hraðsendingar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna sam-fylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 15. febrúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4955 – Hermes Logistik/Swiss Post Porta a Porta, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4992 – ArcelorMittal/Galvex)

2008/EES/8/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið ArcelorMittal SA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Galvex Services BV og eistneska fyrirtækinu Galvex Estonia OÜ.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ArcelorMittal SA: framleiðsla og dreifing á stálvörum um allan heim
 - Galvex Services BV: ýmis þjónustustarfsemi, sem stendur aðeins við önnur fyrirtæki í Galvex-samstæðunni
 - Galvex Estonia OÜ: framleiðsla og sala á galvanhúðuðum stálvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 46, 19. febrúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4992 – ArcelorMittal/Galvex, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4999 – Heineken/Scottish & Newcastle assets)

2008/EES/8/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Heineken International BV („Heineken“) öðlast með yfirtökubóði, sem var tilkynnt 25. janúar 2008, yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í hluta breska fyrirtækisins Scottish & Newcastle plc („eignum frá S&N“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Heineken: framleiðsla og dreifing á öli og öðrum drykkjarvörum
 - Eignir frá S&N: framleiðsla og dreifing á öli og öðrum drykkjarvörum í starfsstöðvum í Belgíu, Finnlandi, á Indlandi, Írlandi, í Portúgal, Bretlandi og Bandaríkjunum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 43, 16. febrúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4999 – Heineken/Scottish & Newcastle assets, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5024 – TUI/Royal Caribbean Cruises/JV)

2008/EES/8/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið TUI AG og bandaríska fyrirtækið Royal Caribbean Cruises Ltd. („RCL“) öðlast með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu TUI Cruises GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TUI AG: skipaútgærd og ferðaþjónusta
 - RCL: skipulagning og sala ferða með skemmtiferðaskipum
 - TUI Cruises GmbH: skipulagning og sala ferða með skemmtiferðaskipum til þýskumælandi viðskiptavina
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 15. febrúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5024 – TUI/Royal Caribbean Cruises/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5031 – ACE/CICA)

2008/EES/8/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið ACE Limited, sem er skráð á Cayman-eyjum, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Combined Insurance Company of America („CICA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ACE Limited: félag sem sinnir fasteigna- og slysatryggingum og endurtryggingum og þjónar fyrirtækjum og einstaklingum um allan heim
 - CICA: selur líftryggingar, slysatryggingar og heilsutryggingar, einkum einstaklingum í Bandaríkjunum, Evrópusambandsríkjum, Kanada og Asíuríkjum við Kyrrahaf
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 15. febrúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5031 – ACE/CICA, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5034 – Montagu/GIP/Biffa)

2008/EES/8/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Montagu Private Equity LLP („Montagu“) og bandaríska fyrirtækið Global Infrastructure Partners („GIP“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Biffa plc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Montagu: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - GIP: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - Biffa plc: hirðing, meðhöndlun, förgun og endurvinnsla sorps frá heimilum, fyrirtækjum og iðnrekstri
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 43, 16. febrúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5034 – Montagu/GIP/Biffa, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2008/EES/8/09****(Mál COMP/M.5037 – Beko Elektronik/Grundig Multimedia)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem tyrkneska fyrirtækið Beko Elektronik AS („Beko“), sem tilheyrir Koç-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Grundig Multimedia BV („Grundig“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Beko: framleiðsla og sala á óvörumerktum litsjónvörpum
 - Grundig: þróun, hönnun og sala á rafeindatækjum fyrir almennan markað undir eigin vörumerki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 15. febrúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5037 – Beko Elektronik/Grundig Multimedia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5049 – Goldman Sachs/Colony Capital/BUT)

2008/EES/8/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin The Goldman Sachs Group („Goldman Sachs“) og Colyzeo Investors II, Colony Investors VIII (einu nafni „Colony“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu BUT.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Goldman Sachs: fjárfestingabankastarfsemi og verðbréfavíðskipti
 - Colony: fjárfestinga- og fasteignasýsla
 - BUT: sala húsgagna og raftækja til heimilisnota í smásölu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 43, 16. febrúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5049 – Goldman Sachs/Colony Capital/BUT, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5057 – Aviva/UBI Vita)

2008/EES/8/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Aviva Italia Holding SpA („Aviva“), sem tilheyrir bresku samsteypunni Aviva plc, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu UBI Assicurazioni Vita SpA („UBI Vita“) sem er nú undir yfirráðum hins ítalska UBI Partecipazioni Assicurative SpA.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aviva: almenn tryggingastarfsemi og líftryggingastarfsemi, langtímasparnaður og sjóðstýring
 - UBI Vita: líftryggingastarfsemi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 15. febrúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5057 – Aviva/UBI Vita, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5059 – Crédit Agricole/POvita)

2008/EES/8/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Crédit Agricole SA („CASA“) öðlast með hlutafjárkaupum systurfyrirtækja sinna Cassa di Risparmio di Parma e Piacenza SpA („Cariparma“) og Crédit Agricole Assurances Italia Holding SpA („CAAIH“) að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu POvita SpA sem er nú undir yfirráðum hins ítalska SAI Holding SpA og Cariparma í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CASA: líftryggingar og skaðatryggingar, bankastarfsemi, einkabankastarfsemi og fjármálaþjónusta í ýmsum löndum
 - Cariparma: banka- og tryggingaþjónusta á Ítalíu
 - CAAIH: ítalskt eignarhaldsfyrirtæki utan um hluti CASA í tryggingageiranum á Ítalíu
 - POvita: líftryggingastarfsemi á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 15. febrúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5059 – Crédit Agricole/POvita, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

RÍKISAÐSTOÐ – FRAKKLAND**2008/EES/8/13****Málsnúmer C 50/07 (ex N 894/06) – Aðstoðarkerfi sem sett er á fót í því skyni að ýta undir gerð sjúkratryggingasamninga sem byggjast á samtryggingu og ábyrgð****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 38, 12.2.2008](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
B-1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

RÍKISAÐSTOÐ – FRAKKLAND**2008/EES/8/14****Málsnúmer C 53/07 (áður NN 12/07) – Aðstoð sem viðskipta- og iðnráð Pau-Béarn hefur veitt fyrirtækinu Airport Marketing Services****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 41, 15.2.2008](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Energy and Transport
Directorate A
B-1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími +32 (0)22 96 41 04

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisástoðar og viðmiðunar-
og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. janúar 2007** 2008/ES/8/15

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 (Sjöttö. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1) og ákvæði auglýsingar framkvæmdastjórnarinnar um aðferð við útreikning á viðmiðunar- og afreiknivöxtum (Sjöttö. ESB C 273, 9.9.1997, bls. 3))

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL	ES	FI	FR	HU	IE	IT	LT	LU	LV
1.1.2008	...	5,19	5,19	8,97	5,19	4,89	5,19	5,36	5,50	5,19	5,19	5,19	5,19	7,58	5,19	5,19	6,49	5,19	6,64
1.10.2007	31.12.2007	5,42	5,42	8,30	5,42	4,90	5,42	5,58	5,50	5,42	5,42	5,42	5,42	8,54	5,42	5,42	6,49	5,42	6,64
1.9.2007	30.9.2007	5,42	5,42	8,30	5,42	4,24	5,42	5,58	5,50	5,42	5,42	5,42	5,42	8,54	5,42	5,42	6,49	5,42	6,64
1.7.2007	31.8.2007	4,62	4,62	8,30	4,62	4,24	4,62	4,76	5,50	4,62	4,62	4,62	4,62	8,54	4,62	4,62	6,49	4,62	6,64
1.6.2007	30.6.2007	4,62	4,62	8,30	4,62	4,24	4,62	4,76	5,50	4,62	4,62	4,62	4,62	8,54	4,62	4,62	6,49	4,62	6,64
1.1.2007	31.5.2007	4,62	4,62	8,30	4,62	4,24	4,62	4,76	5,50	4,62	4,62	4,62	4,62	8,54	4,62	4,62	6,49	4,62	6,64

Frá	Til	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2008	...	5,19	5,19	6,42	5,19	8,67	5,46	5,19	5,23	6,29
1.10.2007	31.12.2007	7,00	5,42	5,94	5,42	9,10	5,49	5,42	5,20	6,83
1.9.2007	30.9.2007	7,00	5,42	5,94	5,42	9,10	5,49	5,42	5,20	5,90
1.7.2007	31.8.2007	7,00	4,62	5,94	4,62	9,10	4,68	4,62	5,20	5,90
1.6.2007	30.6.2007	7,00	4,62	5,94	4,62	10,17	4,68	4,62	5,20	5,90
1.1.2007	31.5.2007	7,00	4,62	5,94	4,62	10,17	4,68	4,62	5,20	5,90

AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/31/07

2008/EES/8/16

„Æska heimsins“: Samstarf við önnur ríki en nágrannaríki Evrópusambandsins

Áætlunin „Virki æska“

1. Markmið og lýsing

Með þessari auglýsingu eftir tillögum er stefnt að því að styrkja verkefni sem efla samvinnu á sviði æskulýðsmála milli aðildarríkja áætlunarinnar og annarra samstarfsríkja en nágrannaríkja Evrópusambandsins. Markmiðið er:

- að stuðla að gagnkvæmri miðlun reynslu og góðra starfshátta á sviði menntunar æskufólks og óformlegrar menntunar,
- að stuðla að formlegri stefnumörkun á sviði æskulýðsmála, æskulýðsstarfi og sjálfböðastarfi, jafnframt því að efla starfsgetu æskulýðssamtaka og leiðtogastarf,
- að byggja upp haldbær samvinnu- og tengslanet milli æskulýðssamtaka.

Verkefnin verða að lúta að einu eftirtalinna viðfangsefna:

1. Að efla borgarasamfélag, ríkisborgarastarf og lýðræði
2. Að vinna gegn óvild í garð kynþátta og útlendinga
3. Að efla samskipti mismunandi kynþátta og trúarhópa
4. Að vinna úr ágreiningi í kjölfar átaka og hefja enduruppbyggingu
5. Að virkja konur til starfa í samfélaginu
6. Að efla réttindi minnihlutahópa

Gert er ráð fyrir samstarfi starfsmanna á sviði æskulýðsmála, umsjónarmönnum æskulýðsstarfs og æskulýðsleiðtogum, æskufólkinu sjálfu og öðrum þeim sem koma nálægt starfi æskulýðssamtaka og hafa hug á að hleypa af stokkunum verkefnum til að auka samstarf á þessu sviði. Þessi auglýsing eftir tillögum varðar aðgerð 3.2 í áætluninni „Virki æska“. Framkvæmdastofnun menntamála, hljóð- og myndgerðar og menningarmála (EACEA) hefur framkvæmt þessarar auglýsingar eftir tillögum með höndum.

2. Hlutgengir umsækjendur

Tekið verður við umsóknum frá sjálfseignarstofnunum, óháðum félagasamtökum og opinberum stofnunum á vegum sveitarfélaga og héraðsstjórna. Aðeins koma til greina umsækjendur sem hafa stöðu lögaðila í einu ríkjanna sem eiga aðild að áætluninni.

Eftirtalin ríki eiga aðild að áætluninni:

- Aðildarríki Evrópusambandsins ⁽¹⁾: Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.
- Þau aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES): Ísland, Liechtenstein og Noregur.
- Ríki sem bíða aðildar að Evrópusambandinu og njóta sérstakrar áætlunar um aðdraganda aðildar, í samræmi við þau grundvallarsjónarmið og þá almennu skilmála sem mælt er fyrir um í rammisamningnum sem gerðir hafa verið við þessi ríki með tilliti til þátttöku þeirra í áætlunum Evrópusambandsins: Tyrkland.

Verkefnin verða að gera ráð fyrir þátttöku samstarfsaðila frá fjórum mismunandi ríkjum hið minnsta (að meðtöldum samtökunum sem leggja fram umsóknina), að meðtöldum að minnsta kosti tveimur ríkjum sem eiga aðild að áætluninni, og verður eitt þeirra hið minnsta að vera aðildarríki Evrópusambandsins, og tveimur samstarfsríkjum.

⁽¹⁾ Einstaklingar frá svonefndum handanhafslöndum og handanhafslandsvæðum, og eftir því sem við á viðkomandi opinberar og/eða einkareknar stofnanir þar, eru hlutgengar til þátttöku í áætluninni „Virki æska“ í samræmi við reglur áætlunarinnar og tilhögun sem gildir gagnvart aðildarríkinu sem þau tengjast. Handanhafslöndin og handanhafslandsvæðin, sem um ræðir, eru talin upp í viðauka 1A við ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl handanhafslönda og handanhafslandsvæða við Evrópubandalagið (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2001, bls. 1).

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Áætluð heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna samkvæmt þessari auglýsingu er EUR 2 500 000.

Styrkir framkvæmdastofnunarinnar geta ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 80 % af styrkhæfum heildarkostnaði við hvert verkefni. Hámarksstyrkur fyrir hvert verkefni er EUR 100 000.

Verkefni verða að hefjast á tímabilinu 1. nóvember 2008 til 31. desember 2008. Þau eiga að standa yfir í 6 mánuði hið minnsta og 12 mánuði hið mesta.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 15. apríl 2008 (póststimpill gildir).

5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefsetri:

http://eacea.ec.europa.eu/youth/calls2008/action32/index_en.htm

Umsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum sem er að finna í heildartexta auglýsingarinnar og ber að skila þeim á til þess gerðu eyðublaði.